

Innflytjendur á Íslandi og Suðurlandi

1 Samantekt Hagstofunnar

Hagstofan birti í sl. viku samantekt um fjölda innflytjenda hér á landi á heimasíðu sinni, sjá: [Innflytjendum heldur áfram að fjölga](#).¹ Skilgreining á innflytjenda


Helstu atriði sem þar koma fram eru:

Hinn 1. janúar 2015 voru 29.192 innflytjendur á Íslandi eða 8,9% mannfjöldans. Það er fjölgun frá því í fyrra um 1.747 innflytjendur sem voru þá 8,4% landsmanna (27.445).

- 10.933 - 37,5% - innflytjenda eru upprunnir frá Póllandi.
- Þar á eftir koma innflytjendur frá Litháen (5,1%) og Filippseyjum (5,0%).
- Pólskir karlar eru 41,2% allra karlkyns innflytjenda eða 5.819 af 14.134, næstfjölmennastir eru Litháenskir karlar, 5,1%.
- Pólskar konur eru 34,0% kvenkyns innflytjenda og næstfjölmennastar eru konur frá Filippseyjum, 6,5%.

Hinn 1. janúar síðastliðinn bjuggu 21.857 fyrstu og annarrar kynslóðar innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu eða 66,2% allra innflytjenda á landinu.

- Hlutfall innflytjenda af mannfjölda var hæst á Vestfjörðum, 15,4%.
- Næsthæst er hlutfallið á Suðurnesjunum, 14,5%.
- Lægst er hlutfallið á Norðurlandi vestra, 5,1%.
- Hlutfall innflytjenda er næstum því tvöfalt herra á Vestfjörðum en á Suðurlandi.




¹ Skilgreining skv. Hagstofu: Innflytjandi er einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar hans og báðar ömmur. Önnur kynslóð innflytjenda eru einstaklingar sem fæddir eru á Íslandi og eiga foreldra sem báðir eru innflytjendur. Fólk er talið hafa erlendan bakgrunn ef annað foreldrið er erlent.

2 Innflytjendur á Suðurlandi

Þessu tafla er unnin út frá sömu birtingu hjá Hagstofunni en miðað við annan ársfjórðung þessa árs í stöðu íbúafjölda í stað 1. janúar.

Fjöldi innflytjenda á Suðurlandi							Breyting frá 2009		Hlutfall innflytjenda af íbúafjölda		
Svf./ár	2009	2011	2012	2013	2014	2015	Í fjölda	Hlutf.	2009	2013	2015
Hornafjörður	110	120	120	140	140	180	70	64%	5,3%	6,5%	8,2%
Vestmannaeyjar	140	160	180	210	230	260	120	86%	3,4%	4,9%	6,0%
Árborg	380	310	320	330	340	350	- 30	-8%	4,9%	4,2%	4,3%
Mýrdalshreppur	30	30	30	50	50	100	70	233%	5,9%	10,2%	19,6%
Skaftárhreppur	10	15	15	15	30	45	35	350%	2,2%	3,3%	9,6%
Ásahreppur	15	20	15	20	30	30	15	100%	7,9%	10,5%	13,6%
Rangárþing eystra	180	180	190	190	210	250	70	39%	10,3%	11,1%	14,0%
Rangárþing ytra	120	120	130	140	160	160	40	33%	7,8%	9,0%	10,5%
Hrunamannahreppur	100	110	110	130	140	140	40	40%	12,7%	16,5%	17,5%
Hveragerði	90	90	80	100	100	110	20	22%	3,9%	4,3%	4,5%
Sveitarfélagið Ölfus	280	270	260	260	280	330	50	18%	14,4%	13,7%	16,8%
Grímsnes- og Grafn.hr.	35	40	40	40	50	60	25	71%	8,3%	9,5%	13,3%
Skeiða- og Gnúpverjahr.	35	30	40	50	60	60	25	71%	6,7%	9,4%	11,5%
Bláskógabyggð	80	90	100	100	130	160	80	100%	8,5%	10,8%	16,5%
Flóahreppur	30	20	30	35	35	30	-	0%	5,0%	5,6%	4,9%
Samtals Suðurland	1.635	1.605	1.660	1.810	1.985	2.265	630	39%	6,3%	6,9%	8,4%

Eins og taflan að ofan sýnir hefur orðið langmest hlutfallsleg fjölgun innflytjenda á síðustu sex árum í Mýrdals- og Skaftárhreppi.



Eins og stólparitið að ofan sýnir er hlutfall innflytjenda af íbúafjölda sveitarfélaga á Suðurlandi mjög mismunandi, frá 4,3% í Árborg og upp í 19,6% í Mýrdalshreppi.

Frá því janúar í fyrra og til loka júní á þessu ári hefur innflytjendum á Suðurlandi fjölgað um 280, eða 14%.

Samkvæmt ársfjórðungstölum var fjöldi innflytjenda á Suðurlandi 1.985 í lok fjórða árs 2014, 2.075 í lok fyrsta ársfjórðungs þessa árs og 2.265 í lok þess annars. Aukning er um 90 manns á fyrstu þremur mánuðum þessa árs, en um 280 manns á fyrstu sex mánuðunum. Skoðun þrjú ár aftur í tímann sýnir að á þriðja og fjórða ársfjórðungi verður ekki samdráttur á fjölda erlendra ríkisborga, hinsvegar fjölgaði þeim miklu mun minna en á fyrri hluta ársins.

